

3. október 2016 kl: 17:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla.

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir, Birna Baldursdóttir og Ingunn Ósk Svavarsdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. **Bekkjarfulltrúafundur.** Almenn ánægja með mætingu á bekkjarfulltrúafundinn. Bekkjarfulltrúar voru jákvæðir og hugmyndirnar flæddu um svæðið. Búið er að skipa bekkjarfulltrúa í öllum bekkjum skólans. 10. bekkur er þó með annað fyrirkomulag.
2. **Fótboltar.** Keyptir voru 20 fótboltar, einn bolta fyrir hvern bekk. Spurning hvort hægt sé að geyma boltana í stofum barnanna svo bekkjarfélagarnir fylgist meira með hvort félagarnir skili þeim í stofuna aftur eftir notkun. Hver bekkur (nemendurnir) ber ábyrgð á sínum bolta. Birna ætlar að senda póst á alla umsjónarkennara og athuga hvort hægt er að geyma boltana inn í stofunni.
3. **Kynningarfundur vegna fyrirhugaðs foreldraröls um skólahverfin.** Kynningarfundurinn var haldinn í Brekkuskóla fimmtudaginn 22. september klukkan 20:00. Fundurinn var ætlaður fyrir alla foreldra grunnskóla bæjarins. Mæting foreldra á fundinn var dræm og olli stjórn foreldrafélagsins vonbrigðum.
4. **Skipulag fyrirhugaðs foreldraröls.** Byrjað verður á að boða til fundar með bekkjarfulltrúum skólans og þeim kynnt verkefnið sérstaklega og fyrirkomulag þess. Um kynningu á þessu verkefni sér Sigmundur Sigurðsson ásamt stjórn foreldrafélagsins. Sá fundur verður haldinn fimmtudaginn 27. október klukkan 20:00-20:30. Foreldrafélaginu finnst þetta vera mikilvægt samfélagsverkefni og vonast eftir að fólk sé til í að taka höndum saman og taki þátt með opnum hug.

Mögulegt fyrirkomulag: Foreldrafélag Giljaskóla mun halda utan um fyrirkomulag foreldrarölsins og mun fulltrúi félagsins hafa tímanlega samband við bekkjarfulltrúa í þeim bekk sem á að manna röltið hverju sinni. Bekkjarfulltrúar hafa samband við foreldra í bekknum og tryggja að 2-3 foreldrar komi til með að röлта, mikilvægt er að allir viti af röltinu í tíma og geti tekið kvöldið frá í þetta. Því fleiri því betra. Þeir sem manna foreldravaktina hverju sinni fylla út sérstakt eyðublað að vakt lokinni sem segir til um hvernig röltið gekk og hvað bar á góma. Þær upplýsingar fara svo mögulega áfram til forvarnarfulltrúa og er safnað saman. Hver bekkur þarf ekki að manna nema ca 2 vaktir á önn. Svo þetta er mjög lítil fyrirhöfn fyrir foreldra

en eykur öryggi barna okkar mikið. Áhersla verður á að foreldraröltið eigi sér stað þegar það eru opin hús og böll í skólanum.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 26. október klukkan 17:30.

Fundi slitið kl. 18:30. Fundaritari: Berglind Bergvinsdóttir